

Frímerki

Almennt

Frímerki eru greiðslumiðar fyrir burðargjald og önnur póstgjöld (viðbótarþjónustur) bréfa og/eða pakka í póstpjónustu innanlands og á milli landa.

Verð

Frímerki með grammaáletrun (g) eru seld í samræmi við burðargjöld á hverjum tíma samkvæmt verðskrá Póstsins. Upplýsingar um nafnverð (verðgildi) frímerkja fást á pósthúsum um land allt og á heimasíðum Póstsins www.postur.is og Frímerkjasölnnar www.stamps.is eða með því að hringja í þjónustuver Póstsins 580-1200 eða í Frímerkjasölnuna 580-1050.

Frímerkjasafnarar með fasta áskrift að frímerkjum og/eða kaupendur stakra frímerkja sem fá frímerkin afgreidd innanlands eða erlendis í pósti frá Frímerkjasölnni þurfa að greiða þjónustugjald, sjá www.stamps.is

Skila- og skiptaréttur

Viðskiptavinir geta skilað frímerkjum til Póstsins en þá eingöngu í skiptum fyrir önnur frímerki að sömu upphæð. Eingöngu er tekið við frímerkjum til skipta ef þau eru gild, þ.e. óstimpluð og útgefin eftir 1. janúar 2009 og eru í heilum örkum eða heftum. Frímerki eru aldrei endurgreidd í peningum. Ekki er hægt að nota frímerki sem gjaldmiðil við kaup á vöru eða þjónustu Póstsins.

Innköllun og ógilding frímerkja

Öll frímerki útgefin fyrir 1. janúar 1983 eru ógild og þar af leiðandi ónothæf til greiðslu burðargjalda bréfa og pakka í póstpjónustu. Innköllun og ógilding frímerkja er auglýst sérstaklega í Lögbirtingablaðinu, í Frímerkjafréttum, á afgreiðslustöðum Póstsins og á vefsíðunum www.postur.is og www.stamps.is

Afgreiðslustaðir Póstsins taka við frímerkjum frá tilgreindu innköllunartímabili í 6 mánuði eftir birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaðinu og láta í staðinn af hendi gild frímerki með verðgildi sem samsvarar verðgildi hinna innkölluðu frímerkja. Að innköllunartíma liðnum eru frímerki, útgefin af Íslandspósti ohf. (áður Pósti og síma) frá greindu tímabili talin ógild.

Stimplun

Ekki má stimpla frímerki sem gefin eru út fyrir 1. janúar 1983, enda ógild. Ekki má stimpla frímerki aftur í tímann.

Afslættir

Frímerkjasalan veitir upplýsingar um afsláttarkjör frímerkja.

Netverslun stamps.is

Eftirfarandi skilmálar gilda um viðskipti Frímerkjasölu Íslandspósts við kaupendur vöru, hvort sem er í áskrift eða með stökum viðskiptum, í gegnum netverslun Frímerkjasölnnar á vefsíðunni www.stamps.is

Skráning



Við upphaf viðskipta í gegnum netverslun Frímerkjasölnunnar stofnar viðskiptavinur notendareikning á vefsíðunni www.stamps.is Við skráningu þarf viðskiptavinur að gefa upp tiltekna notendaupplýsingar, s.s. nafn, heimilisfang, símanúmer, netfang og greiðsluupplýsingar.

Íslandspóstur nýtir upplýsingarnar eingöngu til afgreiðslu á pöntunum frá viðkomandi viðskiptavini. Allar notendaupplýsingar eru geymdar á tryggan hátt og eru ekki aðgengilegar öðrum. Um meðferð Íslandspósts á notendaupplýsingunum fer að öðru leyti í samræmi við lög um persónuupplýsingar nr. 77/2000.

Verð

Upplýsingar um gildandi verð þeirra vara sem eru til sölu í netverslun Frímerkjasölu Íslandspósts hverju sinni er að finna á vefsíðunni www.stamps.is Söluverð, þ.e. verð vöru ásamt virðisaukaskatti - samkvæmt lögum nr. 50/1988 og öðrum opinberum gjöldum eigi slíkt við, eru birt í íslenskum krónum. Á birt verð vöru/sendingar leggst jafnframt þjónustu- og sendingargjald. Fjárhæð þjónustuog sendingargjaldsins hverju sinni ræðst af móttökustað (móttökulandi) vörunnar svo og því hvort um er að ræða pöntun í áskrift eða staka pöntun. Upplýsingar um gildandi þjónustu- og sendingargjöld, hvort sem er innanlands eða erlendis, er að finna á vefsíðunni www.stamps.is Frímerkjasölnunni er heimilt að breyta verðum og gjöldum sem koma fram á vefsíðunni www.stamps.is sbr. nánar skilmála þessa. Þá kunna verð að taka breytingum til samræmis við breytingar á gildandi löggjöf hverju sinni án sérstaks fyrirvara.

Greiðslufyrirkomulag

Viðskiptavinum er aðeins boðið að greiða fyrir vörur í netverslun www.stamps.is með greiðslukorti og fer greiðsla fram samhliða pöntun. Pöntun í framhaldi af pöntun vöru í netverslun Frímerkjasölnunnar fær viðskiptavinur tölvupóst frá Frímerkjasölnunni þar sem pöntunin er staðfest. Í tölvupóstinum er að finna upplýsingar um pöntunarnúmer, keypta vöru, nafn og heimilisfang viðskiptavinar, greiðslufyrirkomulag, sendingarstað o.s.frv.

Afhending

Íslandspóstur sér um afhendingu vara til viðskiptavina sem pantaðar eru í netverslun Frímerkjasölnunnar. Ef kaupverð pöntunar er undir 20.000 krónum íslenskum er pöntun send í almennum pósti, en annars sem rekjanlegt bréf. Umfang pöntunar hverju sinni ræður því hvort sending er afhent í formi bréfs eða pakka. Ef verðmæti pöntunar er yfir 22.500 krónum íslenskum og viðskiptavinur óskar eftir póstrýggingu er mögulegt að tryggja pöntun fyrir allt að 3.000.000 krónum og leggst þá iðgjald tryggingar ofan á kaupverð pöntunar. Frekari upplýsingar um póstrýggingu er að finna á vefsíðu Íslandspósts, www.postur.is Þær vörur sem eru til sölu hverju sinni í netverslun Frímerkjasölnunnar er að finna á vefsíðunni www.stamps.is. Vinnsla pöntunar getur tekið 3 til 5 virka daga. Um afhendingartíma vísast að öðru leyti til flutningsskilmála Íslandspósts, en þá er að finna á vefsíðu fyrirtækisins, www.postur.is. Ef varan er ekki til í birgðum frímerkjasölnunnar fær viðskiptavinur tilkynningu þess efni með tölvupósti. Ef vara er sannanlega ekki afhent viðskiptavini innan 30 daga frá pöntun og Frímerkjasölnunni er tilkynnt þar um er varan endursend viðskiptavini. Hafi viðskiptavinur greitt kaupverðið að fullu eða hluta á hann rétt á endurgreiðslu eigi síðar en innan þrjátíu daga frá því beiðni þess efnis barst Frímerkjasölnunni kjósi hann slíkt frekar en að fá vöruna endursenda. Innihaldi pöntun að hluta til eða öllu leyti vörur sem hafa ekki verið gefnar út, áskilur Íslandspóstur sér rétt til að afhenda viðskiptavini alla pöntunina í einu, þ.e. á síðasta útgáfudegi þess sem pantað er. Afhendingu á stakri pöntun er ekki hægt að sameina áskrift.

Heimild til afpöntunar

Pöntun í netverslun Frímerkjasölnunnar er ekki skuldbindandi fyrir neytanda fyrr en fjórtán dögum frá því neytandi veitti vöru viðtöku og er neytanda heimilt að falla frá samningi innan þess frests án þess að tilgreina nokkra ástæðu, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 46/2000 um húsgöngu- og fjarsölusamninga. Þá hafa viðskiptavinir 30 daga frest frá því pöntun er staðfest til að falla frá samningi. Nýti viðskiptavinur sér áðurgreindar heimildir til afpöntunar endurgreiðir Frímerkjasalan viðskiptavini án nokkurs kostnaðar þær greiðslur sem hann hefur innt af hendi til Frímerkjasölnunnar vegna viðskiptanna. Slík endurgreiðsla skal fara fram eins fljótt og kostur er og eigi síðar en eftir þrjátíu daga frá því Frímerkjasölnunni var tilkynnt um afpöntun. Neytanda ber samhliða því að skila eða endursenda Frímerkjasölnunni vöruna. Frímerkjasölnunni er eingöngu skylt að taka við vöru sé hún í sama ástandi og þegar hún var keypt. Frímerkjasölnunni er heimilt að krefja viðskiptavin um greiðslur vegna beins kostnaðar við að skila vörunni.

Tilkynningarfrestur vegna galla

Um úrræði viðskiptavinar vegna galla fer eftir lögum um neytendakaup nr. 48/2003 og lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000. Viðskiptavini ber án ástæðulauss dráttar frá því hann verður galla var eða mátti verða galla var að tilkynna Frímerkjasölnunni um slíkt hyggist hann bera slíkan galla fyrir sig. Viðskiptavinur glatar rétti til þess að bera fyrir sig galla ef hann leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti vörunni viðtöku. Tilkynningar frá viðskiptavinum vegna galla, afpöntunar eða annars skulu sendast á eftirfarandi heimilsfang: Frímerkjasalan Stórhöfði 29 110 Reykjavík Sími: 580 1050 Fax: 580 1059 stamps@stamps.is www.stamps.is

Breyting eða uppsögn áskriftar

Samningsaðilum er heimilt að segja upp áskrift án sérstakrar ástæðu með 30 daga fyrirvara og skriflegri tilkynningu þess efnis til viðsemjanda. Viðskiptavini ber að tilkynna Frímerkjasölnunni um fyrirhugaðar breytingar á vörum og magni í áskrift með 30 daga fyrirvara. Frímerkjasalan áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilmálum þessum, vöruframboði, söluverði og sendingar- og þjónustugjaldi sem fram kemur á vefsíðunni www.stamps.is. Frímerkjasalan tilkynnir áskrifendum um fyrirhugaðar breytingar eins fljótt og auðið er fyrir gildistöku þeirra. Slíkar breytingar fela í sér uppsögn á áskrift viðkomandi viðskiptavini. Er viðskiptavinur því óbundinn af slíkum breytingum án síns samþykkis. Hafi greiðsludráttur orðið af hálfu viðskiptavinar og viðskiptavinur ekki orðið við greiðsluáskorun Frímerkjasölnunnar innan 30 daga frá dagsetningu hennar er Frímerkjasölnunni heimilt að segja upp áskrift viðskiptavinar þegar í stað með skriflegri tilkynningu þess efnis til viðskiptavinar.

SMS frímerki

Hægt er að senda bréf 0-50 gr. innanlands með rafrænu frímerki, SMS frímerki, sem er fimm tölustafa talnaruna sem skrifast efst í hægra horn á bréfi eins og hefðbundin frímerki. SMS frímerki rukkast á farsímareikning og er greitt til símafyrirtækis. Verð á SMS frímerki er sama fyrir og önnur frímerki og fylgir verðskrá Póstsins. Ekki er rukkað fyrir SMS-ið annað en sem nemur fjölda SMS frímerkja x verðgildi 0-50 gr. innlands almenns bréfs. Dæmi – eftirfarandi skilaboð send í 1900 þegar keypt er SMS frímerki.

- F 1 = 1x verðgildi frímerkis 0-50 gr. innlent bréf gjaldfært á farsímareikning
- F 25 = 25x verðgildi frímerkis 0-50 gr. innlent bréf gjaldfært á farsímareikning
- F 50 = 50x verðgildi frímerkis 0-50 gr. innlent bréf gjaldfært á farsímareikning



Gildistími á SMS frímerki er opinberlega 7 dagar frá því hann berst í símtæki viðskiptavinar. Viðskiptavinur fær staðfestingu senda í farsíma sinn þar sem kemur fram lokadagsetning gildistímans. Allir sem eiga GSM síma sem býður upp á að senda SMS geta nýtt sér SMS frímerki. Einnig er hægt að senda SMS frímerki í gegnum Póstappið. Póstappið er eingöngu fyrir Android og iPhone snjallsíma. Meðhöndlun á bréfum með SMS frímerki er sú sama og með hefðbundin frímerkt bréf, að undanskildu innanhúsfæri hjá Póstinum við að sannreyna talnarunu.